



TAKMÖRKUÐ ÁBYRGÐ TESLA Á VARAHLUTUM, VIÐGERÐUM Á YFIRBYGGINGU OG MÁLUN

GILDISTÖKUDAGUR: 2024/07/08



Almennir skilmálar..... 2

Takmarkanir og yfirlýsingar..... 8

Úrlausn ágreinings..... 10



Þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu gildir fyrir:

- Varahluti sem eru merktir og framleiddir af Tesla og keyptir beint frá Tesla í söluumboði, á netinu eða keyptir og settir upp af þjónustu eða réttingarverkstæðum Tesla („varahlutir“); og
- Roadster-varahluti sem eru merktir og framleiddir af Tesla og hafa áður verið notaðir í annarri Tesla-bifreið og eru seldir beint frá Tesla-þjónustu sem notaðir varahlutir („notaðir varahlutir“).

Með hliðsjón af þeim undantekningum og takmörkunum sem lýst er hér á eftir, nær þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu yfir nauðsynlegar viðgerðir eða skipti til að lagfæra allar „bilanir“ sem Tesla metur að hafi orðið vegna eðlilegrar notkunar á varahlutum og notuðum varahlutum framleiddum af Tesla og sem eru samþykktir af eða merktir Tesla og keyptir beint frá Tesla. Tesla ákveður að eigin geðþótta hvort gert sé við tryggða varahluti eða þeim skipt út fyrir nýjan eða endurframleiddan varahlut, og allir varahlutir sem skipt er út samkvæmt þessari ábyrgð verða eign Tesla (háð skoðun viðskiptavinar samkvæmt beiðni sem lögð er fram áður en viðgerðirnar eru framkvæmdar). Notaða varahluti má gera við, skipta út fyrir notaðan varahlut eða kaupverð hans getur verið endurgreitt. Allir varahlutir sem gert er við eða skipt út samkvæmt takmarkaðri ábyrgð Tesla á nýjum ökutækjum, takmarkaðri ábyrgð Tesla á notuðum ökutækjum eða gildri Tesla-þjónustuáætlun eru í ábyrgð út gildistíma þeirrar ábyrgðar eða þjónustu og ekki lengur en það.

„Bilun“ merkir alger bilun eða vanhæfni varahlutar eða notaðs varahlutar í ábyrgð til að framkvæma þá aðgerð sem hann er hannaður fyrir vegna galla í efni eða vinnu á þeim hlut sem Tesla framleiðir eða veitir og sem koma fram við eðlilega notkun og er háð ábyrgðartakmörkununum sem lýst er hér á eftir. Bilun felur ekki í sér það tap sem verður smám saman á afkastahæfni vegna eðlilegs slits eða útlitslegur munur eða breyting á varahlut eða notuðum varahlut.

Tímabil ábyrgðar - Varahlutir

Þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu hefst á kaupdegi varahlutarins/varahlutanna og gildir í 12 mánuði eða 12.500 mílur, hvort sem verður á undan, með þeirri undantekningu að sérstakir flokkar íhluta hafa sérstök ábyrgðartímabil eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:



Málþlötur	Takmarkaður endingartími
Drifeining*	4 ár eða 50.000 mílur, hvort sem verður á undan
Háspennurafhlaða bílsins*	4 ár eða 50.000 mílur, hvort sem verður á undan
Veggtengi	4 ár
Snertiskjár og útvarp	2 ár eða 25.000 mílur, hvort sem verður á undan
Glær hlífðarfilma**	10 ár
Litamálningarfilma**	5 ár

*Á ekki við um Tesla Roadster sem hefur ábyrgð sem gildir í 2 ár eða 40.000 km (25.000 mílur), hvort sem verður á undan.

**Aðeins í boði í Bandaríkjunum: *Á ekki við um vinnu (uppsetningu), sem hefur ábyrgð sem gildir í 12 mánuði eða 20.000 km (12.500 mílur), hvort sem verður á undan.

Tímabil ábyrgðar - Notaðir Roadster-varahlutir

Þessi Tesla ábyrgð fyrir varahluti, yfirbyggingu og málningu hefst á kaupdegi notaða varahlutarins/varahlutanna og gildir í 6 mánuði eða 10.000 km (6.000 mílur), hvort sem verður á undan.

Vinnuábyrgð

Ef varahluturinn eða notaði varahluturinn var settur í af Tesla gildir þessi ábyrgð Tesla fyrir varahluti, yfirbyggingu og málningu einnig um öll vinnugjöld vegna viðgerða eða skipta á tryggða varahlutum.

Tesla ber enga ábyrgð á vinnugjöldum eða kostnaði vegna vinnu sem var framkvæmd af óviðurkenndum utanaðkomandi söluaðila, þar á meðal aðilum sem sjá um uppsetningu rafhleðsluveggs og viðurkenndra tæknimanna.

Viðgerð á yfirbyggingu og málningu

Þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu gildir fyrir viðgerðir sem eru ekki framkvæmdar fyrir viðskiptavild eða sem Tesla framkvæmir á annan hátt án endurgjalds, og veitir ábyrgð yfir takmarkaðan tíma á viðgerðum á yfirbyggingu og málningu sem Tesla framkvæmir. Takmörkuð ábyrgð út endingartímann á yfirbyggingu felur í sér viðgerðir á sprungum,



flögnun, dældum og skemmdum á yfirbyggingu, en er undanskilin ryðskemmdum. Takmörkuð ábyrgð út endingartímann á málningu felur í sér viðgerðir vegna málningar eða lakks sem hefur flagnað eða sprungið eða vegna minnkaðs gljáa af völdum loftmengunar.

Glærar hlífðarfilmur eða litamálningarfilmur (aðeins í Bandaríkjunum)

Glærar hlífðarfilmur eða litamálningarfilmur sem keyptar eru og settar upp hjá þjónustumiðstöð eða viðurkenndu Tesla-verkstæði falla undir þessa takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu ef viðgerðin eða ísetning er nauðsynleg til að lagfæra galla í efni eða uppsetningu sem koma fram við eðlilega notkun og er háð utantekningum og takmörkunum sem hér er lýst.

Dæmi um galla í efni eru meðal annars aflitun, gulnun og blöðrumyndun og dæmi um galla í uppsetningu eru meðal annars flögnun, lyfting og loftbólun.

Varahlutir sem fylgja með upphaflegum bifreiðakaupum

Valdir varahlutir, svo sem Tesla-tengi og -millistykki sem fylgdu sem staðalbúnaður með kaupum á nýrri eða notaðri Tesla-bifreið eru í ábyrgð samkvæmt viðeigandi takmarkaðri ábyrgð á nýjum bifreiðum eða takmarkaðri ábyrgð á notuðum bifreiðum.

Varahlutir sem gert hefur verið við eða skipt um

Allir varahlutir eða notaðir varahlutir sem gert er við eða skipt um samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, viðgerðum á yfirbyggingu og sprautun eru áfram í viðeigandi ábyrgð út upprunalegt ábyrgðartímabil varahlutarins eða notuðu varahlutanna sem gert var við eða skipt um (tekið fram hér á undan í „Tímabil ábyrgðar“) eða í 90 daga, hvort sem er lengra.

Skylda viðskiptavinar

Til að nýta sér þessa takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu eða málningu verður Tesla-eigandinn að leggja fram sönnun fyrir kaupum á varahlutum eða notaða varahlutum, eða yfirbyggingunni eða málningunni áður en beðið er um þjónustuna.



Framseljanleiki

Fyrir utan viðgerðir á yfirbyggingu og málningu er hægt að selja þessa takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu áfram til næsta eiganda svo framarlega sem farið er eftir skilmálum ábyrgðarinnar, þar á meðal sönnun fyrir kaupum sem sýnir að tryggður varahlutur eða notaður varahluturvar keyptur beint frá Tesla. Ábyrgð á viðgerðum á yfirbyggingu og málningu er ekki framseljanleg til næsta eiganda.

Takmarkanir á ábyrgð

Þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu nær ekki yfir skemmdir eða bilanir sem verða beint eða óbeint vegna eða af völdum eðlilegs slits, misnotkunar, rangrar notkunar, breytinga, annarra gallaðra varahluta, vanrækslu, slyss, áreksturs, höggs, eða skorts á eða óviðeigandi notkunar, uppsetningar, viðhalds, geymslu eða flutnings, þar á meðal, en takmarkast ekki við, allt eftirfarandi:

- Vanrækslu á að fylgja leiðbeiningum, viðhaldi og viðvörðunum sem eru gefin út í meðfylgjandi skjölum;
- Utanaðkomandi þætti, þar á meðal, en takmarkast ekki við, efnislegan höggkraft, gallaðar eða skemmdar rafmagnssnúður, tengibox, útsláttarrofa, rafmagnsinnstungur, umhverfi eða óviðráðanlega atburði, þar á meðal, en takmarkast ekki við, eldsvoða, jarðskjálfta, vatn, eldingar og önnur umhverfisáhrif;
- Tæringu eða galla í málningu, þar á meðal en takmarkast ekki við tæringu vegna galla í efni eða framleiðslu sem er ekki frá Tesla, og veldur ryðtæringu (götum) í gegnum þil í yfirbyggingu eða undirvagni innan frá;
- Ryðmyndun á yfirborði sem veldur tæringu á þiljum í yfirbyggingu eða á undirvagni utan frá og inn, svo sem vegna steinkasts eða rispa;
- Ryðmyndun og skemmdir á málningu vegna, af völdum eða sem afleiðingu af slysum, litamun á nýrri málningu, misnotkun, vanrækslu, rangri umhirðu eða notkun á bifreiðinni, uppsetningu á aukahlut, snertingu við efnasambönd eða skemmda vegna ófyrirsjáanlegs atburðar eða af náttúrulegum völdum eða vegna eldsvoða eða rangrar geymslu.



- Vanrækslu á að hafa við samband við Tesla við uppgötvun á galla sem fellur undir þessa takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu; allar viðgerðir eða breytingar á tryggðum hlutum eða uppsetningu eða notkun á varahlutum eða aukahlutum framleiddum af einstaklingi eða aðila sem hefur ekki leyfi eða vottun til þess;
- Skort á eða rangar viðgerðir eða viðhald, þar á meðal notkun á aukahlutum eða varahlutum sem eru ekki framleiddir hjá Tesla;
- Tryggingu samkvæmt öðrum ábyrgðum eða tryggingu;
- Bilun vegna skemmda af völdum notkunar utan vega eða í vatni;
- Varahluti sem eru settir upp í bifreiðar fyrir kappakstur, keppni eða í viðskiptatilgangi; og,
- Hleðslubúnað sem er notaður í viðskiptatilgangi.



Undantekningar

Þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu gildir ekki fyrir:

- Varahluti sem ekki eru keyptir beint frá Tesla; og
- Varahluti sem Tesla framleiðir ekki, þar á meðal hjólarþaða.

Þó svo að Tesla krefjist ekki að þú látir framkvæma allt viðhald, þjónustu, eða viðgerðir hjá þjónustumiðstöð Tesla eða verkstæði sem er viðurkennt af Tesla, er mögulegt að þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu falli úr gildi eða ákveðnir hlutar hennar vegna skorts á eða óviðeigandi viðhalds, uppsetningar, þjónustu eða viðgerða.

Réttindi þín samkvæmt landslögum

Þessi takmarkaða ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu veitir þér ákveðin samningsbundin réttindi. Þessi réttindi koma ekki í staðinn fyrir né hafa áhrif á nein *lögboðin* réttindi samkvæmt landslögum. Þetta gæti þýtt að þú hafir frekari réttindi út frá lögum í þínu landi, þar á meðal, en takmarkast ekki við, öll *lögboðin* ábyrgðarréttindi.



ÞESSI TAKMARKAÐA ÁBYRGÐ TESLA Á VARAHLUTUM, YFIRBYGGINGU OG SPRAUTUN ER SÚ EINA SEM GERÐ ER Í TENGLUM VIÐ TESLA-VARAHLUTI ÞÍNA, NOTAÐA VARAHLUTI OG YFIRBYGGINGU OG/EÐA SPRAUTUN. Allar aðrar óbeinar eða beinar ábyrgðir eða ákvæði teljast ógildar að því leyti sem lög leyfa á ábyrgðarsvæði þínu, þar á meðal en takmarkast ekki við óbeinar ábyrgðir og ákvæði fyrir söluhæfni, hæfni fyrir ákveðinn tilgang, endingu eða þau sem koma upp við sölu eða viðskiptaframkvæmd. Sum ábyrgðarsvæði leyfa ekki takmarkanir á óbeinum ábyrgðum eða ákvæðum og/eða hversu lengi óbein ábyrgð eða ákvæði eru gild, þannig að ofangreint á mögulega ekki við um þig. Eftir því sem landslög á þínu svæði leyfa er endurgreiðsla fyrir varahlutinn (eingöngu í Ástralíu), nauðsynlegar viðgerðir og/eða ísetning nýrra, viðgerðra eða endurframleiddra varahluta frá Tesla í staðinn fyrir skemmda hlutinn einu úrbæturnar samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu eða öllum öðrum óbeinum ábyrgðum. Hvað varðar notaða varahluti, verður notaði varahluturinn skoðaður til að ákvarða orsök bilunar og ef hann fellur undir ábyrgð skal viðskiptavinur fá honum skipt út fyrir annan notaðan varahlut eða kaupverð hans endurgreitt, eftir geðþótta Tesla. Eftir því sem landslög á þínu svæði leyfa takmarkast bótaskylda við sanngjarnt verð fyrir viðgerðir eða skipti á viðeigandi Tesla-varahlut og skal hún ekki fara yfir leiðbeinandi smásöluverð framleiðanda og tengd gjöld fyrir vinnu, uppsetningu, fjarlægingu eða drátt bifreiðar (ef við á og ekki undanskilin ábyrgð). Varahlutum má skipta út fyrir varahluti af svipaðri gerð og gæðum, þar á meðal varahluti sem koma ekki beint frá upphaflegum framleiðanda, eða viðgerða eða endurframleidda varahluti eftir því sem þörf krefur og eða við á. Eftir því sem landslög og reglugerðir leyfa tekur Tesla að eigin geðþótta ákvörðunina um hvort eigi að gera við hlut eða skipta um hann, eða hvort nota eigi nýjan, notaðan eða endurframleiddan hlut.

Tesla ber enga bótaskyldu samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu umfram sanngjarnt markaðsverð viðeigandi Tesla-varahlutar eins og það varð strax eftir að upp komst um gallann. Að auki skulu samanlagðar greiðslur frá þessari takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu ekki vera hærri en sú upphæð sem þú greiddir fyrir viðeigandi Tesla-varahlut.

Tesla leyfir engum einstaklingum eða aðilum að búa til nokkrar aðrar skyldur eða skaðabótaábyrgðir í tengslum við þessa takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu.



Eftir því sem landslög og reglugerðir leyfa og að því marki sem leyfilegt er samkvæmt landslögum, afsalar Tesla sér hér með allri ábyrgð á óbeinu, tilfallandi og afleiddu tjóni sem verður vegna eða í tengslum við viðgerðir á Tesla-varahlutum, yfirbyggingu og málningu, þar á meðal, en takmarkast ekki við, flutning til og frá viðurkenndri þjónustumiðstöð Tesla, tap á Tesla-varahlut eða notuðum varahlut, þar á meðal tengi eða millistykki, tap á verðgildi bifreiðarinnar, tímamissi, tekjutap, notkunartap, tap á einka- eða opinberri eign, óþægindi eða áreiti, tilfinningalegt uppnám eða skaða, viðskiptatap (þar á meðal, en takmarkast ekki við, gróða- eða tekjutap), kostnað vegna dráttarþjónustu, strætógjöld, bílaleigu, símakostnað fyrir þjónustunúmer, eldsneytiskostnað, gistikostnað, skemmdir á dráttarbil og tilfallandi gjöld svo sem símtöl, bréfsímasendingar og póstkostnað.

Eftir því sem landslög og reglugerðir leyfa og að því marki sem leyfilegt er samkvæmt landslögum, skulu ofangreindar takmarkanir og undantekningar gilda, sama hvort krafa þín sé tengd samningi, skaðabótum (þar á meðal vanrækslu og stórfelldri vanrækslu), brotum á ábyrgð eða ástandi, rangfærslum (vegna vanrækslu eða annars) eða í lögum eða eigin fé, jafnvel þótt Tesla sé kunngjört um möguleikann á slíku tjóni eða hægt sé að sjá slíkt tjón fyrir.

Til að fá ábyrgðarþjónustu verður þú að senda tilkynningu til Tesla innan gilds ábyrgðartímabils og afhenda bifreiðina á þinn kostnað (nema ef Tesla er skylt að veita dráttarþjónustu), á reglulegum opnunartíma til þjónustumiðstöðvar Tesla innan þíns ábyrgðarsvæðis. Hægt er að finna hvar næsta þjónustumiðstöð Tesla er staðsett með því að fara á vefsvæði Tesla fyrir þitt svæði. Þjónustumiðstöðvar Tesla geta breytt um staðsetningu hvenær sem er. Uppfærður listi yfir þjónustumiðstöðvar er og verður aðgengilegur á vefsvæði Tesla fyrir þitt svæði.

Sumar lögsögur og eða innlend stjórnvöld gætu krafist þess að skattur sé innheimtur á viðgerðum í ábyrgð. Þú berð ábyrgð á greiðslu þessara skatta þar sem viðeigandi lög leyfa.

Ekkert í þessari takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málningu skal undanskilja eða takmarka að nokkru leyti bótaskyldu Tesla vegna dauða eða líkamsmeiðsla sem urðu eingöngu og beint vegna vanrækslu Tesla eða starfsfólks þess, svika eða sviksamlegrar rangfærslu eða nokkra aðra bótaskyldu að því marki að hún sé sönnuð innan hæfrar lögsögu í lokadómi sem ekki er unnt að áfrýja og sem landslög leyfa ekki að sé hafnað eða takmörkuð.



Eftir því sem lög innan þinnar lögsögu leyfa, krefst Tesla þess að þú sendir fyrst skriflega tilkynningu um allan ágreining í tengslum við þessa takmörkuðu ábyrgð Tesla á varahlutum, yfirbyggingu og málingu innan hæfilegs tíma, og innan viðeigandi ábyrgðartímabils sem tekið er fram í þessari ábyrgð og veitir Tesla tækifæri til að framkvæma allar nauðsynlegar viðgerðir áður en frekari úrlausna er leitað. Vinsamlegast sendu skriflega tilkynningu um úrlausn ágreinings til heimilisfangsins á þínu svæði eins og sýnt er hér fyrir neðan:

Ábyrgðarsvæði	Tengiliðaupplýsingar
Evrópa <i>þ.m.t. Bretland</i>	Tesla Motors Netherlands B.V. Burgemeester Stramanweg 122, 1101 EN Amsterdam, Holland Sími: 020 365 00 08

Vinsamlegast láttu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Verksmiðjunúmer ökutækis (VIN-númer) á Tesla-bifreiðinni þinni;
- Dagsetningu kvittunar fyrir Tesla-varahlutinn (þar á meðal tengi eða millistykki);
- Nafn þitt og tengiliðarupplýsingar;
- Nafn og staðsetningu Tesla-umboðsins og/eða Tesla-þjónustumiðstöðvarinnar næst þér eða sem þú kýst helst;
- Lýsing á málinu, áhyggjuefninu, eða ágreiningnum; og
- Ferli þeirra tilrauna sem þú hefur gert með Tesla til að leysa úr ágreiningnum eða viðgerðir eða þjónustu sem voru ekki framkvæmd hjá Tesla.

TESLA